

Aðalfundur Foreldrafélags Auðarskóla 23.5.2019

Mætt: Þórunn Björk, Carolin, Anna Sigga, Jón Egill, Stefanía Björg, Jónína og Svanhvít Lilja.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Jónína er fundarstjóri og Svanhvít ritar.

2. Störf vetrarins, Jónína fer yfir starfið. Skáletraðir viðburðir eru á dagskrá það sem eftir er af skólaárinu:

- Jólaföndur í desember.
- Fyrirlestur um núvitundi í uppeldi, fyrir foreldra.
- Öskudagsskemmtanir, bæði í leikskóla og í Dalabúð.
- Styrkur fyrir elsta stig að fara á Samfés.
- Skoppa og Skríbla fyrir leikskóla.
- Töframaður fyrir yngsta- og miðstig.
- Vorhátíð grunnskóla og sumarhátíð leikskóla í ágúst.
- SAFT fyrirlestur á dagskrá.

Á fundi með stjórnendum skóla í vetur var ákveðið að foreldrafélagið yrði ekki með jólaföndur á næsta skólaári heldur kæmi páskaföndur í staðinn.

Vorhátíð leikskóla var færð af stjórnendum leikskóla þar til í byrjun næsta skólaárs. Hefur verið á sama degi og vorferð en sá dagur hefur þótt langur og strangur.

3. Fjárhagsstaða.

Ársreikningarnir voru ekki tilbúnir þar sem starfsárið var í raun ekki búið. En gróf staða var þessi:

- Inneign 460.000
- Óinnheimt félagsgjöld, gæti orðið í kringum 60.000
- Töframaður ógreitt 150.000
- Skoppa og Skríbla ógreitt 60.000
- ATH: að fyrirhugaður SAFT fyrirlestur var eitthvað sem foreldrafélagið lofaði að taka þátt í og svo færast venjulega 200þús krónur á milli ára, sem er einskonar varasjóður félagsins.

4. Skólaráð gerir grein fyrir störfum sínum síðasta skólaár.

Carolin og Stefanía ræddu stuttlega um tilgang skólaráðs og aftur var komið að því, eins og í fyrra, að fulltrúum foreldra í skólaráði finnst lítið á sig hlustað. Og sumt kemur til umsagnar of seint, búið er að ákveða hlutina áður en þeir berast á borð skólaráðs til umsagnar.

5. Lagabreytingar – engar tillögur settar fram.

6. Kosningar

Skólaráð:

Carolin A Baare Schmidt *búin með 2 ár. Kjörin aftur næstu 2 ár.*

Kristján Ingi Arnarsson *kjörin til 2 ára í fyrra, situr áfram.*

Stefanía Björg Jónsdóttir *kjörin til 2 ára í fyrra, situr áfram.*

Fræðslunefnd:

Sigríður Fjóra Mikalaelsdóttir, búin með 2 ár. Kjörin aftur til næstu 2 ára.

Þórey Björk Þórisdóttir, var varamaður, er til í að leyfa öðrum að komast að en getur það ef enginn annar fæst.

Þórunn Björk Einarsdóttir ræðir við Þórey um hvort hún eigi að taka við af henni sem varamaður.

Stjórn síðasta skólaárs:

Svanhvít Lilja Viðarsdóttir, formaður, búin með 2 ár, gefur ekki kost á sér áfram.

Björt Þorleifsdóttir, gjaldkeri, búin með 2 ár. Kjörin aftur næstu 2 ár.

Jónína Kristín Guðmundsdóttir, ritari, búin með 2 ár, gefur ekki kost á sér áfram.

Jón Egill Jónsson, meðstjórnandi, var kjörinn til tveggja ára í fyrra og situr því sitt seinna ár.

Hafrún Ösp Gísladóttir, meðstjórnandi, var kjörin til tveggja ára í fyrra og situr því sitt seinna ár.

Helga Elínborg Guðmundsdóttir, varamaður, kjörin til eins árs í senn, gefur kost á sér aftur.

Aldís Elín Alfreðsdóttir, varamaður, kjörin til eins árs í senn, gefur kost á sér aftur.

Framboð til stjórnar:

Björt gefur kost á sér til næstu tveggja ára.

Anna Sigga gefur kost á sér sem ritari félagsins til næstu tveggja ára.

Guðrún Björg gefur kost á sér til eins árs.

Rætt um að gera undantekningu á tveggja ára reglunni og fá Guðrúnu inn í aðalstjórn og sömu varamenn haldi áfram.

Samþykkt af öllum fundarmönnum.

7. Deildarráð – ný stjórn skipar deildarráð í haust.

8. Önnur mál.

Aðalfundur að vori - Stjórn komst að því við undirbúning þessa fundar að þetta er ekki svo góður tími þar sem starfsárið er ekki alveg búið, reikningar ekki tilbúnir og t.d. Erfitt að fara að velja tengiliði í Deildarráð núna að vori. Mikið var rætt í aðdraganda þessa fundar að maí væri afleitur mánuður fyrir sauðfjárþændur en þar sem búið var að samþykja þessa tímasetningu á aðalfundi árið áður var því ekki breytt núna. Margar hugmyndir hafa komið fram og má skoða þær. Mest var rætt um þá hugmynd að halda aðalfund beint á eftir skólasetningu að hausti. Ný stjórn tekur afstöðu til þess hvenær best er að halda svona fund. Ný stjórn tekur við 1. ágúst 2019.

Símanotkun í skóla - Enn og aftur tala foreldrar um að vilja banna símanotkun barna í skólanum. Þeir vitna í rannsóknir og greinar. Skorað á stjórn að gera erindi um málið og einnig skólaráð. Stungið uppá því að fá nemendaráð með í vinnu við útfærslu.

Fundarritari
Svanhvít Lilja Viðarsdóttir